



## Vextir og bindiskylda við Seðlabanka Íslands

Vextir gilda frá og með 29. ágúst 2018

Bindihlutfall gildir frá og með 21. september 2018

Með vísun til 10. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands ákveður Seðlabanki Íslands að vextir fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skuli verða eins og að neðan greinir.

Vextir	Vextir á ári
1. Daglán	6,00%
2. Lán gegn veði í verðbréfum	5,00%
3. Innlán bundin í 7 daga	4,25%
4. Viðskiptareikningar	4,00%
5. Bindiskyldar innstæður, meðaltalsuppfyllt	4,00%
6. Bindiskyldar innstæður, föst bindiskylda	0,00%

Aðrir vextir eru ákveðnir af bankastjóra hverju sinni. Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi fellur úr gildi tilkynning um vexti og bindiskyldu við Seðlabanka Íslands frá 13. júní 2018.

Með vísun til 11. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands ákveður Seðlabanki Íslands að bindihlutfall liða í bindigrunni skuli verða eins og að neðan greinir en bindihlutfallið tekur gildi 21. september 2018:

Með vísan til 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. reglna Seðlabankans nr. 585/2018, um bindiskyldu, skal við uppgjör bindiskyldu skipta bindihlutfalli milli fastrar bindiskyldu og meðaltalsuppfyllingar með eftirfarandi hætti:

Bindihlutfall af bindigrunni, föst bindiskylda	1,00%
Bindihlutfall af bindigrunni, meðaltalsuppfyllt bindiskylda	1,00%
Heildarbindihlutfall af bindigrunni	2,00%

Reykjavík, 29. ágúst 2018  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri